



Hörgársveit

Fréttabréf

24. mars 2014 5. árgangur 3. tölublað

Skráning leikskóladvalar á Álfasteini

Vegna skipulagsvinnu á Álfasteini er áriðandi að foreldrar nýrra barna skrái þau í leikskólann fyrir 15. apríl 2014. Eftir það er ekki hægt að lofa dvöl að hausti 2014. Ef foreldrar vilja breyta dvalartíma barnsins nk. haust, er einnig brýnt að gera slíkt fyrir 15. apríl. Ekki er víst að hægt sé að verða við breytingum á tíma barnanna eftir þann tíma.

Leikskólastjóri

Skráning barna í Þelamerkurskóla

Skráning nýrra barna í Þelamerkurskóla fer fram á netfanginu thelamork@thelamork.is. Fyrir næsta skólaár er æskilegast að skráningar nýrra barna hafi borist skólanum fyrir 15. apríl nk.

Skólastjóri

Skrifstofan og leikskólinn hafa fengið ný símanúmer

Síminn á skrifstofunni er 460 1750

Síminn á Álfasteini er 460 1760

Símanúmerið í Þelamerkurskóla verður áfram það sama og áður 460 1770

Síminn í Íþróttamiðstöðinni er 462 4718 og einnig 460 1780

Viðhald ljósastaura

Tilkynna þarf um ónýtar perur og aðra viðhaldspörf á ljósastaurum heimreiða í síðasta lagi 1. apríl, til að hægt verði að bregðast við í viðhaldsferð sem verður fyrir páska. Síminn er 460 1750 og netfangið horgarsveit@horgarsveit.is.

Hörgársveit

Sími: 460 1750

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 44 19. mars 2014

Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Þór Helgason, Helgi Bjarni Steinsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir

1. **Ársreikningur sveitarsjóðs 2013, fyrri umræða**

Lagður fram ársreikningur sveitarsjóðs fyrir árið 2013. Skv. ársreikningnum urðu rekstrartekjur sveitarsjóðs alls 443,3 millj. kr. og rekstrargjöld 424,9 millj. kr. á árinu 2013. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 7,6 millj. kr. Heildarrekstrarniðurstaða sveitarsjóðs á árinu varð því jákvæð upp á 10,8 millj. kr. Veltufé frá rekstri á árinu var 35,5 millj. kr. Handbært fé í árslok var 18,4 millj. kr. og lækkaði um 38,3 millj. kr. milli ára. Aðalheiður Eiríksdóttir frá PriceWaterhouseCoopers kom á fundinn, fór yfir ársreikninginn og svaraði fyrirspurnum um hann.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa ársreikningi sveitarsjóðs fyrir 2013 til síðari umræðu.

2. **Fundargerðir heilbrigðisnefndar 15. janúar og 19. febrúar 2014**

Fyrri fundargerðin er í ellefu liðum, auk níu umsókna um starfsleyfi. Seinni fundargerðin er í fimm liðum, auk sjö umsókna um starfsleyfi og annarra mála. Enginn þessara liða varða Hörgársveit með beinum hætti.

Fundargerðirnar gefa ekki tilefni til ályktunar.

3. **Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 4. mars 2014**

Fundargerðin er í níu liðum. Í henni eru fjórar tillögur til sveitarstjórnar, um fyrirspurn um Blöndulínu 3, um lagfæringu á misræmi í afmörkun svæðis 505 á náttúru-minjaskrá, um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu og um meðhöndlun á seyru. Aðrir liðir hennar eru um drög að deiliskipulagstillögu fyrir Dysnes og um skipulagsmál á Akureyri (fjórir liðir).

Sveitarstjórn samþykkti tillögur skipulags- og umhverfisnefndar, um fyrirspurn um Blöndulínu 3, um lagfæringu á misræmi í afmörkun svæðis 505 á náttúru-minjaskrá, um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu og um meðhöndlun á seyru. Aðrir liðir fundargerðarinnar gefa ekki tilefni til ályktunar.

4. **Fundargerð menningar- og tómstundanefndar 11. mars 2014**

Fundargerðin er í átta liðum. Í henni eru tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu á þremur styrkbeiðnum, frá Bjarna E. Guðleifssyni, Leikfélagi Hörgdæla og Þorgerði Ólafsdóttur. Aðrir liðir hennar eru um drög að menningarstefnu fyrir sveitarfélagið, eignarhald á félagsheimilinu Melum, framtíðarhlutverk UMSE, um ályktun sambandsþings UMFÍ, svo og um umsóknir um unglingslandsmót UMFÍ og landsmót 50+.

Sveitarstjórn samþykkti tillögur menningar- og tómstundanefndar um afgreiðslu á styrkbeiðnunum. Aðrir liðir fundargerðarinnar gefa ekki tilefni til ályktunar.

5. **Skipulag skólamála, yfirlit yfir helstu valkosti**

Tekið fyrir að nýju yfirlit yfir helstu valkosti í skipulagi skólamála, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 19. febrúar 2014.

Sveitarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu málsins til næstu fundar.

6. **Þelamerkurskóli, stækkun anddyris o.fl., útboð**

Gerð grein fyrir niðurstöðu útboðs á stækkun anddyris o.fl. í Þelamerkurskóla, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 19. febr. 2014. Í verkið bærust tvö tilboð, frá Bjálkanum og Flísinni ehf. 61,1 mkr. og frá ÁK-smíði ehf. 75,8 mkr. Kostnaðaráætlun var 58,0 mkr. Rædd voru innkaup á lyftu og eftirlit með ofangreindum framkvæmdum.

Sveitarstjórn samþykkti að samið verði við Bjálkann og flísina ehf. um stækkun anddyris o.fl. í Pelamerkurskóla, við Kone ehf. um innkaup á lyftu og við verkfræðistofuna Mannvit um eftirlit með framkvæmdunum, í öllum tilvikum á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir lágu á fundinum.

7. Skólaakstur

Rætt um fyrirkomulag skólaaksturs í Pelamerkurskóla skólaárið 2014-2015.

Sveitarstjórn samþykkti að leitað verði eftir því að núgildandi samningar um skólaakstur verði framlengdir fyrir skólaárið 2014-2015.

8. Kræklingahlíð, lagning ljósleiðara

Tekið fyrir að nýju bréf, dags. 20. janúar 2014, frá Jónasi Þór Jónassyni um lagningu ljósleiðara í Kræklingahlíð.

Sveitarstjórn samþykkti að leitað verði eftir samningi við Tengi hf. um að fyrirtækið leggi ljósleiðara um þann hluta sveitarfélagsins sem hann er ekki núna, á þeim forsendum sem ræddar voru á fundinum.

9. Grjótgarður og Djúpárbakki 5, sameining

Lagt fram bréf, dags. 24. febrúar 2014, frá Sigríði Þ. Mahon, þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar um sameiningu jarðarpartsins Djúpárbakki 5 við Grjótgarð.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti sameiningu jarðarpartsins Djúpárbakki 5 við Grjótgarð, sem lýst er í framlögðum gögnum.

10. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA), reglur

Lögð fram drög að reglum um notendastýrða aðstoð (NPA) við fatlað fólk, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 19. febrúar 2014.

Sveitarstjórn samþykkti drög að reglum um notendastýrða aðstoð við fatlað fólk, eins og þau voru lögð fram á fundinum.

11. Auðbrekka 2, nafnbreyting o.fl.

Lagt fram tölvubréf, dags. 6. mars 2014, frá Oddi Andra Thomasson, þar sem óskað er eftir umsögn um breytingu á heiti Auðbrekku 2 í Hörgártún. Ennfremur er óskað eftir leyfi fyrir gestahúsi, gróðurhúsi, lóðargirðingu og gluggabreytingum.

Sveitarstjórn samþykkti að ekki verði athugasemd af hálfu sveitarfélagsins við að heiti húseignarinnar Auðbrekku 2 verði breytt í Hörgártún. Ennfremur samþykkti sveitarstjórn að bygging gestahúss við húseignina sé háð deiliskipulagi. Að öðru leyti var erindi bréfsins vísað til byggingarnefndar.

12. Norðurorka hf., aðalfundarboð

Lagt fram aðalfundarboð Norðurorku hf. Aðalfundurinn verður 21. mars 2014.

Sveitarstjórn samþykkti að Guðmundur Sigvaldason fari með umboð sveitarfélagsins á aðalfundi Norðurorku hf. 21. mars 2014.

13. Lánasjóður sveitarfélaga ohf., aðalfundarboð og framboð í stjórn

Lögð fram til kynningar tvö bréf, dags. 28. febrúar 2014, frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. annars vegar með aðalfundarboði 27. mars 2014 og hins vegar með auglýsingu eftir framboðum í stjórn sjóðsins.

14. Gásakaupstaður ses., aðalfundarboð

Lagt fram aðalfundarboð Gásakaupstaðar ses. Aðalfundurinn verður 27. mars 2014.

Sveitarstjórn samþykkti að Guðmundur Sigvaldason fari með umboð sveitarfélagsins á aðalfundi Gásakaupstaðar ses. 27. mars 2014.

Framkvæmdir í Þelamerkurskóla 2014

Á þessu ári verður unnið að endurbótum á brunavörnum í Þelamerkurskóla og því að koma aðgengi fatlaðs fólks að skólanum og um hann í viðunandi horf. Jafnframt verður unnið að 1. áfanga þess að færa þá starfsemi sem er í C-álmú skólans (heimvistarálmunni) í aðra hluta skólabyggingarinnar. Í þeirri álmú er nú m.a. aðstaða fyrir smíðar og hönnun, hannyrðastofa og tónlistarkennsla.

Meðal þess sem þarf að breyta með tilliti til brunavarna eru milliveggir og loftaklæðning í A-álmú skólans. Þá stenst aðgengi að skólanum ekki kröfur, þar sem þeir sem bundnir eru í hjólastól komast ekki hjálparlaust inn í skólann né um hann allan, eins og málum er nú háttað.

Þann 13. mars sl. voru opnuð tilboð í þær endurbætur sem um er að ræða. Í verkið bárust tvö tilboð, frá Bjálkanum og flísinni ehf., sem bauð 61,1 millj. kr. og frá ÁK-smíði ehf., sem bauð 75,8 millj. kr. Kostnaðaráætlunin var 58,0 millj. kr. Gerður hefur verið samningur við Bjálkann og flísina ehf. um að vinna verkið.

Ákveðið hefur verið að semja við Kone ehf. um kaup á lyftu, sem mun gera mögulegt að komast um A- og B-álmur skólans án þess að nota tröppur. Lyftan mun verða þar sem nú er stigi úr eldhúsi niður í núverandi inngang. Áætlaður kostnaður við innkaup og uppsetningu lyftunnar er rúmlega 5 millj. kr.

Verkfræðistofan Mannvit mun sjá um eftirlit með vinnunni við endurbæturnar. Áætlaður kostnaður við eftirlitið er rúmlega 2 millj. kr.

Hönnun endurbótanna og gerð útboðsgagna var í höndum arkitektastofunnar VA-arkitekta og verkfræðistofunnar Eflu. Heildarkostnaður við það liggur ekki fyrir, en gera má ráð fyrir að hann verði um 6 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar hefjist á næstu dögum og að þeim ljúki fyrir upphaf skólastarfs í ágúst-mánuði næstkomandi.

**Næsti fundur sveitarstjórnar verður 16. apríl
í Þelamerkurskóla**

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 14. apríl